

Jarðhiti í landi Merkigarðs,
Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-83/09

JARÐHITI Í LANDI MERKIGARÐS, LÝTINGSSTAÐAHREPPI, SKAGAFIRÐI

Vitað er um jarðhita á tveim stöðum í landi Merkigarðs:

1. Um 60-70 m austan bæjar er uppspretta undir klettum. Liggur hún um 10 m hærra en bærinn. Hitastig vatnsins er 19,4°C og rennslið er 0,33 l/s. Þessi uppspretta er nýtt sem neysluvatn og leitt er heim til bæjar í plastpípu.
2. Undir halla um 250 m suður af bænum eru þrjú augu á línu og eru um 5 m á milli. Stefna línunnar er N15°V. Vatnsmesta augað er í miðið og er hitastig þess 22,0°C og rennslið 0,28 l/s. Hitastig nyrsta augans er 21,6°C og syðsta augans 20,9°C. Um 50 m norður af ofangreindum augum er volgra við stóra steina í hlíðinni. Hitastig í henni er 15,6°C.

Tekið var sýni til efnagreininga úr vatnsmesta auganu. Niðurstöður efnagreininga voru eftirfarandi:

°C	Sýrustig	Magn í mg/l								
	pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S	CL
21,5	9,99/22	72,5	44,8	0,38	1,38	0,018	18,7	14,5	0,00	10,3

Magn í mg/l		
F	B	Heildarmagn uppleystra efna
0,74	0,204	95,2

Niðurstöður efnagreininganna sýna að vatnið í volgrunni hefur sama uppruna og vatnið á Reykjum og Steinsstöðum og hitastig þess á meira dýpi er rúmlega 50°C. Á hvaða dýpi það hitastig fæst segja fyrir- liggjandi athuganir hins vegar ekkert um. Borun eftir heitu vatni fyrir Merkigarð kemur heldur ekki til greina vegna kostnaðar við nú- verandi aðstæður.

83-09-29

Um tvo kosti virðist að velja til upphitunar á bænum:

1. Að nota vatnið úr volgrunni, sem er 60-70 m austan bæjar og setja upp varmadælu. Reynandi væri að grafa frá volgrunni og athuga hvort fengist rennslisaukning.
2. Leiða vatn frá Reykjum - Steinsstöðum sem eru 1700 m frá Merki-
garði. Nægt umframvatn er til, en leiðin er mjög löng og líklega ekki hagkvæm fyrir svo litla notkun. Gera þarf hagkvæmniathugun á þessum tveimur valkostum.